

Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins

# Styrkir til krabbameinsrannsókna

562

milljónum úthlutað

98

styrkir veittir

Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins auglýsir eftir umsóknum. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga.

Vísindafólk hefur lýst tilkomu sjóðsins sem byltingu í krabbameinsrannsóknum hér á landi.

Frá árinu 2017 hafa 58 rannsóknarverkefni af fjölbreyttum toga fengið styrki úr sjóðnum, alls 562,4 milljónir króna.

Á þessu ári er stefnt að því að 30% úthlutunar fari til klínískra rannsókna. Sérstaklega er hvatt til umsókna vegna rannsókna á krabbameinum hjá börnum til samræmis við markmið sjóðs Kristínar Björnsdóttur, sem var hluti af stofnfé Vísindasjóðsins.

Hámarksupphæð styrks er 10 milljónir króna.

- Sama verkefni getur fengið styrk að hámarki í þrjú ár.
- Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti mánudaginn 3. mars
- Umsóknir skal senda rafrænt á [visindasjodur@krabb.is](mailto:visindasjodur@krabb.is).
- Umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og aðrar upplýsingar er að finna á [www.krabb.is/visindasjodur/](http://www.krabb.is/visindasjodur/)

## Rynkeby-sjóður SKB

Líkt og tvö síðastliðin ár er einnig auglýst eftir umsóknum um styrki úr Rynkeby-sjóði SKB til krabbameinsrannsókna sem snúa að börnum, samhlíða úthlutun úr Vísindasjóði Krabbameinsfélagsins. Úr sjóðnum hafa 5 rannsóknir fengið styrki sem nema 36,8 milljónum króna, frá árinu 2023.

Farið verður með þær umsóknir á sama hátt og aðrar umsóknir í Vísindasjóð Krabbameinsfélagsins, eftir því sem við á, þannig að faglegar kröfur Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins gilda.

Sótt skal um þennan styrk á sérstöku eyðublaði.

Dæmi um rannsóknir sem fengu styrk úr Vísindasjóði á síðasta ári:



**Heiðís B. Valdímarsdóttir** hlaut 5.1 milljóna króna styrk til verkefnisins **Áhrif örvasandi dægurbundis ljóss á dægursveiflur, bólgumyndun og sjúkdómsbyrði meðal nýgreindra brjóstakrabbameinssjúklinga.**



**Krishna Kumar Damodaran** hlaut 2.9 milljóna króna styrk til verkefnisins **Þróun lífrænna rhodium (III) sambanda sem krabbameinslyf með aukið frumuaðgengi byggt á leysan- leika og aminósýruferjum.**



**Sigurður Yngvi Kristinsson** hlaut 10 milljóna króna styrk til verkefnisins **Einkenna-valdandi einstofna mótéfnahækkun: Faraldsfræði og þróun greiningaraðferða.**

